

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjaneshæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin út gildi lögreglusamþykkt fyrir Njarðvíkurkaupstað nr. 120 24. janúar 1980 og lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað nr. 649 15. desember 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. september 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um sölu og veitingar áfengis,
nr. 425 8. september 1989.**

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Útsölastaðirnir skulu vera lokaðir á helgidögum þjóðkirkjunnar, á aðfangadag jóla og frá kl. 12.00 á hádegi á laugardögum. Ennfremur skulu útsölastaðirnir lokaðir þá daga er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. október 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.